



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 545 6000

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
vt. efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2016.

Efni: Umsögn KPMG ehf. um „Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.), þingskjal 1095 – 667. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 15. apríl 2016 er KPMG ehf. gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint lagafrumvarp. Af því tilefni sér KPMG ehf. ástæðu til að setja fram eftirfarandi ábendingu.

Tekjuskattur samskattaðs fólks

Í 1. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 125/2015 var skattþrepum vegna tekjuskatts einstaklinga fækkað úr þremur í tvö á tveimur árum, ásamt því sem tekjumörkum var breytt á þann veg að mörk efra og neðra þreps voru sett um 8,4 milljónir króna. Ef ekki hefði komið til breyting á frumvarpi í meðförum Alþingis hefði jafnframt fallið brott heimild samskattaðs fólks til flutnings helmings ófyllts skattþreps þess þeirra sem lægri hefur tekjurnar til þess sem hærri tekjur hefur. Að tillögu efnahags og skattanefndar Alþingis var með d-lið 1. gr. laga nr. 125/2015 lögfest heimild til slíks flutnings milli skattþrepa.

Í 3. gr. frumvarps þess á þingskjali 1095, sem hér er til umfjöllunar, er lagt til að fella þá heimild brott.

KPMG ehf. vekur athygli á að brottfall heimildarinnar mun leiða til þess að aukast mun munar á heildarskattbyrði samskattaðs fólks eftir því hvort tekjuöflun þeirra er jöfn eða ójfn innbyrðis.

Til að skýra þann mun sem verður á tekjuskattsbyrði, verði umrædd tillaga að lögum, er hér sett fram dæmi í töfluformi. Dæmið miðast við 16.800.000 kr. samanlagðar árstekjur samskattaðs fólks, en þegar þeim tekjur er náð er hámarks mismunur kominn fram. Mismunur byrjar að koma fram við 8.400.000 kr. samanlagðar tekur og eykst línulega að 16.800.000 kr. tekjum.

Dæmið er af hjónum (konu og karli) sem samsköttuð eru og hafa samanlagðar 16.800.000 kr. árstekjur. Tafla 1 sýnir útreikning tekjuskatts hjónanna miðað við að annað þeirra (konan) afli allra teknanna. Tafla 2 sýnir útreikning tekjuskatts hjónanna miðað við að hvort þeirra afli helmings heimilisteknanna.

Tafla 1

	Kona	Karl
Tekjur,	16.800.000	0
Skattur, þrep 1 (8,4 x 22,5%)	1.890.000	0
Skattur, þrep 2 (8,4 x 31,8%)	2.671.200	0
Persónuafsláttur (623.042 x 2)	1.246.084	Persónuafsláttur nýttur af maka
Skattur	3.315.116	0

Tafla 2

	Kona	Karl
Tekjur	8.400.000	8.400.000
Skattur, þrep 1 (8,4 x 22,5%)	1.890.000	1.890.000
Skattur, þrep 2 (8,4 x 31,8%)	0	0
Persónuafsláttur (623.042 x 2)	623.042	623.042
Skattur	1.266.958	1.266.958

Samanburður

	Tafla 1, heildarskattur	Tafla 2, heildarskattur	Mismunur
Skattur	3.315.116	2.533.916	781.200

Tekjuskattur hjónanna í dæminu yrði 781.200 kr. hærrí ef annað þeirra aflaði allra teknanna, en hann yrði ef þau öfluðu hvort helmingi teknanna. Munurinn nemur 30,8% ($781.200 / 2.533.916 \times 100$), sem KPMG ehf. þykir óeðlilega mikill munur.

Ef óbreytt stæði heimild til að færa milli efra og neðra þreps þess hjóna sem hærrí hefur tekjurnar, fjárhæð sem næmi helmingi ófyllts neðra þreps maka, yrði dæmið af hjónunum eins og sýnt er hér í töflu 3.

Tafla 3

	Kona	Karl
Tekjur	16.800.000	0
Skattur, í neðra þrepi (8,4 x 22,5%)	1.890.000	
Skattur, viðbót í neðra þrepi (4,2 x 22,5%)	945.000	
Skattur, í efra þrepi (4,2 x 31,8%)	1.335.600	
Persónuafsláttur (623.042 x 2)	1.246.084	Persónuafsláttur nýttur af maka
Skattur	2.924.516	0

Í frumvarpi á þingskjali 1095 eru færðar fram forsendur fyrir umræddri breytingartillögu.

Færð er fram sú forsenda að afnám samsköttunarinnar mundi hafa í för með sér mikla einföldun. Í þeim orðum felst að hagsmunir skattýfirvalda eru teknir fram yfir hagsmuni skattgreiðendanna. Þá er vert að minna á að eignatekjur eru samskattaðar, enda samsköttun talið mun einfaldari en sérsköttun slíkra tekna. Einnig má benda á að heimild af umræddum toga hefur verið í gildi í nokkur ár, án þess það hafi valdið skattgreiðendum erfiðleikum og ekki verður annað séð en að skattýfirvöld hafi ráðið við að framkvæma þá heimild.

Færð er fram sú forsenda að umrædd heimild sé frávik frá grunngerð tekjuskattskerfisins. KPMG ehf. leyfir sér að draga þá forsendu í efa. Eignatekjur eru samskattaðar, persónuafsláttur er millifæranlegur milli samskattaðs fólks, við ákvörðun barnabóta og vaxtabóta er horft til tekna og eigna beggja og samskattað fólk ber ábyrgð á skattgreiðslum hvors annars. Nær væri að halda því fram að samsköttun sé meginregla og undantekning frá þeirri meginreglu felst sérsköttun launatekna og annarra tekna er sæta sams konar skattlagningu.

Færð er fram sú forsenda að umrædd heimild nýtist tekjuhærrí heimilum landsins. Þessi forsenda á að mati KPMG ehf. ekki við. Heimildin felur í sér jöfnun á skattbyrði heimila sem jafnháar tekjur hafa, en ekki dreifingu skattbyrðar milli tekjuhárar og tekjulágra heimila. Vilji löggjafinn dreifa skattbyrði á annan hátt en nú er milli tekjulágra og tekjuhárar heimila eru aðrar leiðir til þess fallnar.

Færð er fram sú forsenda að samsköttun auki kynjamisrétti, þar sem konur hafi að jafnaði lægri laun en karlar og bera að auki meiri ábyrgð á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum. KPMG ehf. leyfir sér að draga í efa að afnám umræddrar heimildar sé til þess fallið að draga úr kynjamisrétti. Vart verður því



trúað að það vaki fyrir löggjafanum að þvinga konur til aukinnar atvinnuþátttöku með skattmismunun þeirri sem hér um ræðir. Hins vegar gæti mismununin verið fjötur um fót kvenna sem vilja afla sér aukinnar menntunar í því skyni að gera sig betur gildandi á vinnumarkaði. Hin skattalega mismunun gæti því leitt til aukins kynjamisréttis. Í athugasemdum frumvarpsins er talað um að með umræddri heimild aukist ráðstöfunartekjur þess tekjuhærri, en ráðstöfunartekjur þess tekjulægri standi í stað. Réttara væri að tala um að ráðstöfunartekjur heimilisins hækki. Hafa verður hér í huga meginskipan um fjárfélag hjóna og gagnkvæma framfærsluskyldu.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

